

Golfklúbburinn Setberg

Setbergi

221 Hafnarfjörður

www.gse.is



Ársskýrsla 2013

Setbergi 14. janúar 2014

Skýrsla formanns

Nítjándi starfsári Golfklúbbsins Setbergs er nú lokið og verður hér getið þess helsta sem gerðist á árinu.

Veður- og vallarmál

Veður var vægast sagt mjög óhagstætt s.l. sumar. Klúbburinn fjárfesti í byrjun sumars í talsverðum endurbótum á vökvunarkerfinu á vellinum en það þurfti aldrei að setja það í gang yfir sumarið sem að lýsir sumrinu ágætlega. Árið áður þurfti að vökva í hverri viku allt sumarið. Þetta veðurfar hafði mikil áhrif á aðsóknina á völlinn. Það eina jákvæða við þetta var að þetta hafði góð áhrif á trén sem voru gróðursett haustið 2012. Virðast þau flest ætla að lifa flutninginn af og kemur þessi gróðursetning til með að gjörbreyta vellinum til frambúðar. Trén verða merkt með bláum hælum í sumar en þeir verða teknir þegar að ræturnar hafa náð góðri festu. Áfram var haldið að vinna með 6. og 8. flöt skv. sama plani og áður. Grafinn var drenskurður inn í 6. flötina. Flatir voru ekki gataðar í ár af sömu ástæðu og áður, þ.e. samsetning grastegunda í flötunum kallaði ekki á götun flatanna. Flatirnar voru mjög góðar í sumar en því miður var allt of sjaldan mannsæmandi veður til þess að spila.

Rekstur

Þetta var þriðja árið sem Golfklúbburinn Setberg sá um rekstur á Setbergsvelli eftir að hafa tekið aftur yfir rekstur á vellinum. Við upphaf rekstrarársins voru tæplega 430 félagar skráðir í klúbbinn. Í samræmi við ákvörðun aðalfundar í upphafi ársins var ákveðið að fjölga félögum og eru nú um 480 félagar skráðir í klúbbinn. Áfram var aðgengi annarra en félagsmanna að vellinum takmarkað á ákveðnum tímum. Eftir klukkan 15:00 frá mánudegi til fimmtudags og fram til klukkan 15:00 um helgar var völlurinn einungis opinn fyrir félag. Félögum var þó heimilt að taka einn með sér gegn því að viðkomandi greiddi flatargjald. Þetta fyrirkomulag hefur gengið mjög vel. Aðsókn að vellinum var talsvert minni heldur en áður og því erfitt að leggja mat á hvort framangreindur fjöldi félaga sé hæfilegur miðað við takmarkað aðgengi annarra. Stjórn leggur það til að ekki verði fjölgað meira í klúbbnum þetta árið.

Sala á flatargjöldum var talsvert minni en áður og undir áætlunum enda ekki selt inn á völlinn á ákveðnum tímum skv. framangreindu og veðrið ekki til þess að hvetja fólk til þess að fara í golf. Aðsókn í mót var minni en áður af sömu ástæðum. Ákveðið var að leigja völlinn út ákveðna daga yfir sumarið til fyrirtækja og hópa. Hugmyndir stjórnar eru að draga enn frekar úr slíkri útleigu.

Svipað fyrirkomulag var á rekstrinum og árið áður og var ákveðið að fastráða ekki starfsmenn og ráða einungis sumarstarfsmenn. Jafnframt var endurnýjaður samningur við Golfklúbbinn Keili um kaup á sérfræðipjónustu, s.s. ráðgjöf, söndun, áburðargjöf, götun og fleira.

Niðurstaða rekstrarins er vel viðunandi og nánast í takti við þau markmið sem sett voru fram í fjárhagsáætlun fyrir árið. Hagnaður er af rekstri klúbbsins og hafa eignir hans aukist en eins og áður þá er klúbburinn skuldlaus. Ráðist var í nokkrar framkvæmdir eins og nánar er lýst í köflunum um vélar og framkvæmdir.

Við þökkum þeim aðilum sem styrktu klúbbinn á árinu og þá sérstaklega Actavis og Landsbankanum.

Vélar

Fjárfest var í nýrri dælu fyrir vökvunarkerfið og nokkrum endurbótum á vökvunarkerfinu ásamt því sem klúbburinn er að greiða af tveimur vélum skv. kaupleigusamningi þar um. Um er að ræða vélar til þess að slá kargann (röff) og teiga. Eins og samþykkt var á síðasta aðalfundi er næst á dagskrá að kaupa vél til þess að slá brautir. Sú vél sem klúbburinn er að nota núna er mjög gömul og hefur krafist mikils viðhalds. Lögð hefur verið ákveðin fjárhæð til hliðar til þess að fjármagna að hluta kaup á slíkri vél.

Framkvæmdir

Helstu framkvæmdir á árinu:

- **Nýtt æfingasvæði.** Sáningin í æfingasvæðið frá því haustið 2012 brást og þurfti því að sá í allt svæðið að nýju. Tókst það mjög vel og lítur svæðið nú vel út. Næsta vor verður yfirsáð og sandað með sama efni og er í flötinni. Ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að opna æfingasvæðið í júní á þessu ári. Á árinu var byrjað á því að vinna að lengingu æfingasvæðisins.
- **Stækkun á bílastæðinu.** Bílastæðið var stækkað talsvert.
- **Ný skilti.** Útbúin voru ný skilti á alla teiga vallarins.
- **Stækkun á vélageymslu.** Vélageymslan var stækkuð þegar tveimur gámum var bætt við, þeir þéttir og planið sléttað í kringum gámana.
- **Drenskurður inn í 6. flöt.** Grafinn var drenskurður inn í 6. flöt.
- **Trjárækt.** Lokið var við gróðursetningu á trjám á vellinum sem komu haustið 2012.

Unglingastarf og nýliðafræðsla

US Kids golfskólinn var með unglinganámskeið á Setbergsvelli. Eingöngu fullorðnir, menntaðir leiðbeinendur voru með yfirumsjón með hópunum.

Ólafur Jóhannesson IPGA golfkennari er golfkennari klúbbsins. Vegna aðstöðuleysis þá hefur hann kennt á æfingasvæði Golfklúbbsins Keilis.

Fræðslufundur var haldinn í sumar, líkt og á s.l. ári, þar sem farið var yfir nokkrar golfreglur og aðgang að golf.is.

Félagsstarf

Árshátíð var haldin í mars og ball eftir bændaglímuna þar sem hljómsveit klúbbsins lék undir dansi. Eftir Jónsmessuna lék hljómsveit klúbbsins fyrir félagi á pallinum. Kvinnastarfið var mjög gott á árinu. Konurnar í klúbbum hittust á mánudögum og áttu frátekin rástíma í u.þ.b. eina klukkustund. Fóru þær í heimsóknir til Suðurnesja og á Selfoss.

Sjálfboðavinnudagur var haldinn s.l. vor og var gríðarlega góð mæting af hálfu félaga.

Mót

Klúbburinn hélt nokkur mót á árinu, þrjú opin mót, meistaramót og nokkur innanfélagsmót. Góu-mótaröðin var nú haldin í fyrsta skiptið og var fyrirkomulagið þannig að félagar skráðu sig á rástíma en þurftu ekki að taka þátt í mótinu. Ákveðið var að endurvekja bikarkeppni klúbbsins. Klúbbmeistari karla varð Helgi Þórisson, í kvennaflokki 1 sigraði Herdís Hermannsdóttir og í kvennaflokki 2 sigraði Helga Sigurðardóttir.

Vinavellir

Gerðir voru vinavallasamningar við Golfklúbb Borgarness, Golfklúbb Suðurnesja og Golfklúbbinn Hellu.

Stjórn klúbbsins skipuðu

Högni Friðþjófsson formaður, Björn Eysteinnsson varaformaður, Pétur Einarsson gjaldkeri, Gunnlaugur Guðjónsson ritari, Óskar Sigurmundason, Karl Ísleifsson og Þórarinn Sófusson meðstjórnendur.

Nefndir klúbbsins skipuðu

Mótanefnd: Hörður Gunnarsson formaður og Brynjar Sigtryggsson.

Vallarnefnd: Björn Eysteinnsson formaður, Högni Friðþjófsson og Pétur Einarsson.

Aganefnd: Þórarinn Sófusson formaður, Óskar Sigurmundason, Örn Andrésson, Ingólfur Teitur Garðarsson og Brynjar Sigtryggsson.

Forgjafarnefnd: Einar Sigurðsson formaður, Valdimar Axelsson og Pétur Einarsson.

Kvennanefnd: Helga Sigurðardóttir formaður, Marnhild Hilma Kamsenni og Bjarnheiður Guðmundsdóttir.

Hola í höggi

Haukur Sævar Bessason, 8. hola, Ársæll Guðmundsson, 5. hola og Jakob Skafti Magnússon, 7. hola, skv. upplýsingum á heimasíðu Einherjaklúbbsins en kylfingar sjá sjálfir um að tilkynna afrekið.

Sveitakeppni Golfsambands Íslands

Karlasveit klúbbsins spilaði í 1. deild sveitakeppni GSÍ og fór hún fram hjá Golfklúbbum Keili. Sveitina skipuðu Hrafn Guðlaugsson, Tryggvi Traustason, Helgi Birkir Þórisson, Ólafur Jóhannesson, Ragnar Þór Ragnarsson, Kristinn Gústaf Bjarnason, Hjörtur Brynjarsson og Eiríkur Guðmundsson. Liðsstjóri var Sigurður Jónsson. Sveitin náði frábærum árangri og spilaði við Golfklúbb Reykjavíkur um 3. sætið en tapaði þeim leik. Var þetta annað árið í röð sem sveitin spilaði um verðlaun. Spilar sveitin því á ný í 1. deild að ári.

Aðgengi á völlinn, leikhraði og tillögur að breytingum

Eins og áður segir þá var aðgengi á völlinn talsvert betra á álagstímum en árið áður. Á álagstímum var ræsið til aðstoðar við rekstraraðila golfskála við að stýra röð kylfinga á teig. Reynt var að ýta á eftir þeim ráshópum sem ekki héldu leikhraða eftir því sem tilefni þóttu til. Stjórn leggur til að taka upp þá breytingu þegar að líður á sumarið, t.d. upp úr miðjum ágúst að þá eigi þeir sem eru að fara út á seinni nítu ekki forgang ef þeir ljúka leik á fyrri nítu eftir klukkan 16:00. Þetta hefur verið gert á öðrum nítu holu völlum og gefið góða raun.

Starfsmenn klúbbsins

Starfsmenn klúbbsins á vellinum voru Friðþjófur Einarsson, Hákon Pétursson, Hörður Pétursson, Þorsteinn Erik Geirsson, Helgi Björnsson og Hrafn Guðlaugsson.

Um rekstur á golfskála sáu þau Kristjana Geirsdóttir og Tómas Freyr Marteinnsson.

Um útræsingu sáu Karl Jóhan Brune, Jón Sigurðsson og Helgi Ragnarsson.

20 ára afmæli golfklúbbsins

Golfklúbburinn Setberg var stofnaður í nóvember 1994. Starfsemin hófst með opnun Setbergsvallar þann 23. júní 1995. Það verður því haldið upp á 20 ára afmælið þann 23. júní 2015. Í tilefni af því afmæli er hugmyndin að gefa út blað og fara í afmælisferð til La Sella á Spáni um vorið eða haustið 2015. Vegna þessa þarf að skipa í tvær nefndir, þ.e. til þess að undirbúa blaðið og ferðina.

Högni Friðþjófsson formaður.

Golfklúbburinn Setberg

Rekstrarreikningur ársins 2013

	Skýring	2013	2012
Rekstrartekjur:			
Félagsgjöld		24.650.000	21.222.000
Tekjur af sölu vallargjalda		4.815.998	5.865.194
Styrkir og framlög	1	1.005.000	1.380.500
Tekjur af mótum	2	2.632.500	2.400.500
Framlag ÍSí vegna Lotto		361.029	360.451
Framlag ÍSí vegna Getrauna		181.739	185.327
Vaxtatekjur		62.304	44.050
Rekstrartekjur samtals		33.708.570	31.458.022
Rekstrargjöld:			
Félagaskattur GSÍ		1.930.700	1.672.000
Sveitakeppni karla	3	340.000	384.590
Umsjón skála		2.290.308	2.094.517
Kostnaður við mót	4	889.416	586.272
Kostnaður v/stjórnar nefnda	5	168.453	164.726
Innheimtukostnaður		352.648	229.742
Leiga á landi		5.219.200	5.204.000
Leiga á vélum		950.000	950.000
Leiga á skála		850.000	820.000
Laun og launatengd gjöld		8.187.510	7.290.636
Leiga á vélageymslu		280.120	176.249
Viðhald og rekstur vallar	6	2.419.341	1.926.315
Viðhald og rekstur véla	7	3.448.815	3.145.308
Rekstur skála	8	838.609	794.286
Leiga á gámum		711.478	225.361
Æfingasv. malbikun -hús		175.000	1.211.501
Ræsing og umsjón		400.000	320.000
Aðkeypt þjónusta		288.938	111.710
Afskriftir		775.000	900.000
Ýmis kostnaður	9	169.298	219.610
Rekstrargjöld samtals		30.684.834	28.426.823
Hagnaður ársins		3.023.736	3.031.199

Golfklúbburinn Setberg

Efnahagsreikningur ársins 2013

Eignir	Skýring	2013	2012
Fastafjármunir:			
Sláttuvélar 2011		1.350.000	1.800.000
Golfbíll		225.000	300.000
Sláttuvélar 2012		750.000	1.000.000
Æfingasvæði / malbikun		2.000.000	2.000.000
Nýtt hús		500.000	500.000

Fastafjármunir samtals	4.825.000	5.600.000
-------------------------------	------------------	------------------

Veltufjármunir:			
Banka innistæður Íslandsbanki		818.885	810.135
Banka innistæður Landsbankinn		4.030.583	786.389
Banka innistæður Íslandsb./BYR		572.874	27.082

Veltufjármunir samtals:	5.422.342	1.623.606
Eignir alls	10.247.342	7.223.606

Skuldir og Eigið fé

Eigið fé

Eigið fé flutt frá fyrra ári	7.223.606	4.192.407
Hagnaður	3.023.736	3.031.199

Eigið fé samtals	10.247.342	7.223.606
-------------------------	-------------------	------------------


Skuldir


Skuldir samtals	0	0
Skuldir og eigið fé alls	10.247.342	7.223.606

Setbergi 13. janúar 2014


Pétur Einarsson gjaldkeri

Höfum yfirfarið efnahags- og rekstrareikning þennan og er hann í samræmi við bækur félagsins. Það er álit okkar að ársreikningur þessi gefi góða mynd af fjárhag félagsins.


Örn Andrésson


Einar Sigurðsson

Golfklúbburinn Setberg

Skýringar með rekstrarreikningi

2013

1. Styrkir og framlög

Styrktar og auglýsingasamningar fyrirtækja	1.005.000
Samtals	1.005.000

2. Mótatekjur

Opna Hreyfismótið	319.500
Forkeppni bikars	96.000
Góu mótaröð fyrri hluti	188.500
Áskorandamót Íslandsbanka	154.000
Jónsmess	88.000
Meistaramótið	540.500
Opna Setbergs mótið	455.000
Egils Gull	340.000
Góu mótaröð seinni hluti	39.000
Opið mót 22. sept	238.500
Karlamót	100.000
Innanfélagsmót 21. sept.	73.500
Innanfélagsmót 28. sept.	45.000
Bændaglíma	182.000
Samtals	2.632.500

3. Sveitakeppni karla

Tekjur af Egils Gull móti	340.000
Samtals	340.000

4. Kostnaður við verðlaun og fl.

Meistarmótið	365.520
Opin mót	267.560
Góu mótaröðin	18.900
Önnur innanfélagsmót	237.436
Samtals	889.416

5. Kostnaður v/stjórnar nefnda

Stjórnar- og nefndadagur	110.800
Annað	53.926
Samtals	164.726

6. Viðhald og rekstur vallar

Vökvunarkerfi	171.438
Verkfæri	188.240
Skilti	183.059
Áburður ráðgjöf og fl.	966.201
Sandur og möl	795.900
Ýmislegt	114.503
Samtals	2.419.341

7. Viðhald og rekstur véla

Olía og bensín	1.089.452
Tryggingar	295.600
Sláttuvél	154.490
Verkfæri	206.730
Varahlutir og viðgerðir	1.702.543
Samtals	3.448.815

8. Rekstur skála

Tryggingar	141.200
Rafmagn	338.089
Sími og tölvukostn	29.031
Öryggismiðstöðin	173.930
Ýmislegt	156.359
Samtals	838.609

9. Ýmis kostnaður

Hreinsunardagur	37.176
Ritföng	33.228
Tölva	35.550
Keypt þjónusta	63.344
Samtals	169.298

Golfklúbburinn Setberg

Rekstraráætlun 2014


	Áætlun 2014	Rauntölur 2013
Rekstrartekjur:		
Félagsgjöld	27.000.000	24.650.000
Tekjur af sölu vallargjalda	5.000.000	4.815.998
Styrkir og framlög	1.000.000	1.005.000
Tekjur af mótum	2.500.000	2.632.500
Framlag ÍSÍ vegna Lotto	400.000	361.029
Framlag ÍSÍ vegna Getrauna	200.000	181.739
Vaxtatekjur	50.000	62.304
Rekstrartekjur samtals	36.150.000	33.708.570
Rekstrargjöld:		
Félagaskattur GSÍ	2.000.000	1.930.700
Sveitakeppni karla	400.000	340.000
Umsjón skála	2.300.000	2.290.308
Verðlaun í mót	750.000	889.416
Kostnaður v/stjórnar nefnda	200.000	168.453
Innheimtukostnaður	300.000	352.648
Leiga á landi	5.500.000	5.219.200
Leiga á vélum	1.000.000	950.000
Leiga á skála	1.000.000	850.000
Laun og launatengd gjöld	8.500.000	8.187.510
Leiga á vélageymslu	300.000	280.120
Viðhald og rekstur vallar	2.500.000	2.419.341
Viðhald og rekstur véla	3.500.000	3.448.815
Rekstur skála	1.000.000	838.609
Leiga á gámum	750.000	711.478
Æfingasv. Malbikun -hús	500.000	175.000
Ræsing og umsjón	500.000	400.000
Aðkeypt þjónusta	500.000	288.938
Afskriftir	800.000	775.000
Ýmis kostnaður	250.000	169.298
Vélakaup	3.000.000	0
Rekstrargjöld samtals	35.550.000	30.684.834
Hagnaður ársins	600.000	3.023.736

Skýrsla og áritun stjórnar

Að áliti stjórnar Golfklúbbsins Setbergs koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að glöggva sig á stöðu félagsins 31. desember 2013, rekstrarreikningi frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2013 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Golfklúbbsins Setbergs staðfestir hér með ársreikning klúbbsins með áritun sinni.


Hafnarfirði, 14. janúar 2014




Högni Friðþjófsson




Pétur Einarsson




Þórarinn Sófusson




Gunnlaugur Guðjónsson



Björn Eysteinnsson



Óskar Sigurmundason



Karl Ísleifsson

Úrslit móta 2013

Opna Hreyfismótið – 20. maí

Punktar

1. Sandra Ósk Sigurðardóttir – 38 pkt.
2. Andri Sigfússon – 36 pkt.
3. Ingvar Haraldur Ágústsson – 36 pkt.

Besta skor án forgjafar

1. Aron Bjarni Stefánsson – 79 högg.

Forkeppni bikars – 29. maí

Punktamót

1. Ívar Jón Arnarsson – 43 pkt.
2. Egill Sigurbjörnsson – 42 pkt.
3. Stefán Aðalbjörnsson – 39 pkt.

Góumótaröðin, fyrsta mót – 12. júní

Punktamót

9 holur

1. Kristinn Ómar Sigurðsson – 18 pkt.
2. Engilbert Runólfsson – 17 pkt.
3. Gunnhildur Magnúsdóttir – 16 pkt.

18 holur

1. Magnús Gauti Hauksson – 36 pkt.
2. Atli Þór Ingvason – 36 pkt.
3. Brynjar Sigtryggsson – 35 pkt.

Góumótaröðin, annað mót – 19. júní

Punktamót

9 holur

1. Karl Johan Brune – 21 pkt.
2. Gísli Bachman – 19 pkt.
3. Logi Guðmundsson – 19 pkt.

18 holur

1. Atli Þór Ingvason – 40 pkt.
2. Daníel Jón Helgason – 38 pkt.
3. Steindór Aðalsteinsson – 37 pkt

Góumótaröðin, þriðja mót – 26. júní

Punktamót

9 holur

1. Þórður Dagsson – 22 pkt.
2. Heiðrún Harpa Gestsdóttir – 15 pkt.
3. Engilbert Runólfsson – 14 pkt.

18 holur

1. Þorsteinn Stígsson – 37 pkt.
2. Brynjar Sigtryggson – 36 pkt.
3. Gunnar Reynir Pálsson – 36 pkt.

Jónsmessa – 16. júní

Setbergsscramble

Allir þátttakendur sigurvegarar ásamt hljómsveitinni á pallinum.

Meistaramót GSE – 10. júlí

18 holur – Höggleikur

Meistaraflokkur karla

1. Helgi Birkir Þórisson – 294 högg.
2. Hrafn Guðlaugsson – 295 högg.
3. Ólafur Hreinn Jóhannesson – 297 högg.

Fyrsti flokkur karla

1. Adam Örn Stefánsson – 319 högg.
2. Sigurður Guðjónsson – 328 högg.
3. Jón Sigurðsson – 335 högg.

Annar flokkur karla

1. Sigurgeir M. Sigurgeirsson – 332 högg.
2. Gunnar Hendrik Jóhannsson – 342 högg.
3. Ragnar Böðvarsson – 342 högg.

Þriðji flokkur karla

1. Þórður Einarsson – 366 högg.
2. Guðmundur Jóhannsson – 366 högg.
3. Jóhann Adolf Oddgeirsson – 376 högg.

18 holur – Punktar

Fjórði flokkur karla

1. Bjarni Kjartansson – 144 pkt.
2. Magnús Gauti Hauksson – 136 pkt.
3. Hörður Gunnarsson – 135 pkt.

Fimmti flokkur karla

1. Rúnar Þór Kristjánsson – 139 pkt.
2. Haukur Þór Bergmann – 127 pkt.
3. Þorsteinn Arnalds – 121 pkt.

Öldungaflokkur karla – 3 dagar

1. Gunnlaugur Óskarsson – 93 pkt.
2. Halldór Þórðarson – 91 pkt.
3. Bjarni Gunnar Sveinsson – 89 pkt.

Fyrsti flokkur kvenna

1. Herdís Hermannsdóttir – 131 pkt.
2. Jóhanna Margrét Sveinsdóttir – 108 pkt.
3. Heiðrún Harpa Gestsdóttir – 89 pkt.

Annar flokkur kvenna

1. Helga Sigurðardóttir – 119 pkt.
2. Fríða Björg Leifsdóttir – 100 pkt.
3. Sigþóra Oddný Sigþórsdóttir – 99 pkt.

9 holur- Punktar

Karlaflokkur

1. Magnús Bjargarson – 43 pkt.
2. Helgi Berg Halldórsson – 43 pkt.
3. Kristinn Brynjólfsson – 41 pkt.

Kvennaflokkur

1. Bjarnheiður J. Guðmundsdóttir – 32 pkt.
2. Hildur Björk Hilmarsdóttir – 29 pkt.
3. Stefanía Arnardóttir – 28 pkt.

Opna Setbergsmótið – 5. ágúst

Punktar

1. Arnfríður I. Grétarsdóttir – 37 pkt.
2. Haraldur Árnason – 36 pkt.
3. María Sverrisdóttir – 35 pkt.

Besta skor án forgjafar

1. Siggeir Vilhjálmsson – 77 högg.

Egils Gull open – 11. ágúst

Punktar

1. Magnús Arnar Kjartansson – 41 pkt.
2. Benedikt Gabríel Egilsson – 39 pkt.
3. Aron Bjarni Stefánsson – 39 pkt.

Besta skor án forgjafar

1. Aron Bjarni Stefánsson – 73 högg.

Innanfélagsmót-Góa – 14. Ágúst

Punktar

1. Þórður Einarsson – 38 pkt.
2. Sigurður O. Sigurðsson – 36 pkt.
3. Þórður Dagsson – 36 pkt.

Golfmót meistaranna (Fótboltamót) – 16. ágúst

1. **Liverpool** - Ólafur Haukur Guðmundsson og Jóhann Einar Jakobsson
2. **Tottenham** - Hörður Pétursson og Högni Friðþjófsson
3. **Liverpool-B** - Steven Gerrard og Luis Suárez

Innanfélagsmót Góa – 28. ágúst

Punktar

1. Stefán Örn Hreggviðsson – 42 pkt.
2. Gissur Ísleifsson – 39 pkt.
3. Karl Ísleifsson – 38 pkt.

Innanfélagsmót – 21. september

Punktar

1. Óskar Hrafn Ólafsson – 41 pkt.
2. Hallur Þorsteinsson – 38 pkt.
3. Ingólfur T. Garðarsson – 37 pkt.

Innanfélagsmót – 28. september

Punktar

1. Þórður Dagsson – 41 pkt.
2. Bjarni Kjartansson – 35 pkt.
3. Hörður Gunnarsson – 33 pkt.

Bændaglíma – 6. október

1. sæti: 61 högg.

Björn Eysteinnsson, Sigrún Eir Héðinsdóttir, Hlynur Birgisson, Elísabet Gunnarsdóttir

2. sæti: 63 högg.

Steinar Birgisson, Hulda Tryggvadóttir, Svavar Guðmundsson, Ingólfur Áskelsson

3. sæti: 64 högg.

Lúðvík V. Þórisson, Jóhann Jakobsson, Valdís M. Gunnlaugsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir

Áramót – 31. desember

(39 þátttakendur)

1. sæti: Högni Friðbjólfsson – 1.

2 - 4. sæti: á pari:

Andrés Þórarinnsson

Lovísa Hermannsdóttir

Arnar Jóhannsson

Bikarmeistari karla.

Aron Bjarni Stefánsson

Bikarmeistari kvenna.

Herdís Hermannsdóttir

